

Fimmtudaginn 29. október 1987.

Nr. 291/1986. **Karólína Sveinsdóttir**
Ásgeir Þ. Ásgeirsson
Sveinn Ásgeirsson
Guðmundur Ásgeirsson
Bragi Ásgeirsson og
Hrefna Ásgeirsdóttir
 (Stefán Pálsson hrl.)
 gegn
Margréti Sigurjónsdóttur
 (Othar Örn Petersen hrl.)

Erfðaskrá.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. nóvember 1986. Þeir gera þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og staðfest verði, að ummæli þau, sem höfð eru eftir Birgi heitnum Ásgeirssyni og skráð í vottorð Sigurðar Árnasonar læknis, dagsett 28. ágúst 1984, séu eigi lögleg erfðaskrá, og að eftirlátnar eigur Birgis heitins Ásgeirssonar verði lagðar þeim út sem lögerfingjum. Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar í skiptarétti og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar í skiptarétti og fyrir Hæstarétti.

Stefnda í máli þessu og Birgir heitinn Ásgeirsson höfðu búið saman í óvígðri sambúð í 30 ár, frá því á árinu 1954 og þar til Birgir andaðist 14. ágúst 1984.

Þótt Birgir heitinn hafi vitað, að hann væri haldinn ólæknandi sjúkdómi í nokkurn tíma áður en hann gerði hina munnlegu erfðaskrá hinn 12. ágúst 1984, þá er ljóst að gangur sjúkdómsins var mjög hraður og honum elnaði sóttin skyndilega þann 11. ágúst. Má jafna því til þess, að Birgir heitinn hafi orðið „skyndilega og hættulega sjúkur“ í merkingu 44. gr. laga nr. 8/1962. Ber því að fallast

á það með héraðsdómara, að skilyrðum þeirrar greinar hafi verið fullnægt.

Arfleiðsluvottorðið er að vísu ekki skrásett fyrr en 28. ágúst 1984, eða 16 dögum eftir að hinn munnlegi arfleiðslugerningur var gerður. Hér ber þó að hafa í huga, að votturinn Ingibjörg Bjartmarz hjúkrunarfræðingur skráði í vaktabók sína innan hálf tíma frá því að arfleiðslan var sögð fram, að Birgir heitinn hefði gert munnlega erfðaskrá, og votturinn Sigurður Árnason læknir skráði arfleiðsluna, sem var einföld í sniðum, orðrétt í minnisbók sína næsta morgun, auk þess sem hann bókaði í læknaskýrslu við daginn 13. ágúst, að Birgir heitinn hefði gert munnlega erfðaskrá kl. 23:55 hinn 12. ágúst. Þegar tekið er tillit til þessara sérstöku aðstæðna, verður að fallast á það með héraðsdómara, að dráttur sá, sem varð á skrásetningu arfleiðsluvottorðsins, valdi ekki ógildingu erfðaskrárinnar.

Telja verður sannað með vætti vottanna þriggja, sem stutt er álitserð tveggja dómkvaddra lækna, að Birgir heitinn hafi verið hæfur til að gera erfðaskrá á þeim tíma, sem erfðaskráin var gerð.

Ekkert er fram komið í máli þessu um, að Birgir heitinn hafi viljað ráðstafa eignum sínum á annan hátt en fram kemur í hinni umdeildu erfðaskrá. Á það ber og að líta, að efni erfðaskrárinnar er ekki óskynsamlegt og er eðlilegt miðað við allar aðstæður. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Seltjarnarness 14. október 1986.

Mál þetta sem tekið var til úrskurðar hinn 9. október 1986 var þingfest hinn 2. apríl 1985.

Sóknaraðili er Margrét Sigurjónsdóttir, nnr. 6392-8348, Miðbraut 38, Seltjarnarnesi, en hún er eftirlifandi sambýliskona Birgis Ásgeirssonar lögfræðings er lést hinn 14. ágúst 1983 kl. 7:45.

Varnaraðilar eru lögerfingjar hins látna, móðir hans Karólína Sveinsdóttir, Dyngjuvegi 10, Reykjavík, og systkini hans þau Ásgeir Þór Ásgeirsson, Dyngjuvegi 10, Reykjavík, Sveinn Ásgeirsson, Dyngjuvegi 10, Reykja-

vik, Guðmundur Ásgeirsson, Melagötu 23, Neskaupstað, Bragi Ásgeirsson, Drápuhlíð 3, Reykjavík, og Hrefna Ásgeirsdóttir, Lálandi 6, Reykjavík.

Lögmaður sóknaraðila lýsir dómkröfum sóknaraðila svo:

„Að erfðaskrá sem Birgir heitinn Ásgeirsson gerði munnlega 12. ágúst 1984 verði metin gild og varnaraðilar greiði sóknaraðila málskostnað skv. málskostnaðarreikningi sem lagður verður fram fyrir dómtöku málsins.

Fyrirvari er gerður um að höfða sérstakt mál þar sem krafa verður gerð um það að viðurkennt verði að umbj. m. eigi hlutdeild í öllum eignum sem eru í félagsbúi umbj. m. og Birgis heitins en Birgir þinglýstur eigandi beggja fasteigna búsins.

Þó sú staða sé uppi í máli þessu að umbj. m. sé sóknaraðili er ekki þar með verið að fallast á ákveðin véfengingarákvæði erfðalaga eða hugsanleg önnur véfengingarákvæði. Það er samkomulag með lögmönnum aðila að hafa þennan háttinn á.“

Lögmaður varnaraðila lýsir dómkröfum umbj. sinna svo:

„Ég mæti í máli þessu af hálfu varnaraðila ... og mótmæli fyrir þeirra hönd gildi vottorðs dags. 28.08. 1984 sem löglegrar erfðaskrár og krefst þess að þeim sem lögerfingjum verði lagðar út eftirlátnar eignir Birgis heitins Ásgeirssonar. Þá er og krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi sóknaraðila.“

Hið umdeilda skjal sem lagt var fram sem dskj. nr. 2 hljóðar svo:

„Birgir Ásgeirsson var sjúklingur á Krabbameinslækningadeild Landspítalans og lést 14.08. 1984. Undirritaður sá um meðferð sjúklings í banalegunni. Sjúklingur kom að því í þriggja í banalegunni að hann ætti eftir að gera formlega erfðaskrá og lofaði ég að vera honum innan handar með það, ef þess þyrfti með.

12.08. 1984 um miðnættið átti ég samtal við Birgi Ásgeirsson og var hann þá með fullri meðvitund, skýr í hugsun og máli. Sagði hann þá eftirfarandi:

„Ég vil að þið séuð vottar að því að hún Margrét konan mín á að fá alla mína peninga — allt sem ég á.“

Önnur vitni að þessu samtali voru hjúkrunarfræðingarnir Sigurbjörg Ólafsdóttir og Ingibjörg Bjartmarz.

Þetta vottast hér með.

Reykjavík 28.08. 1984

Sigurður Árnason, læknir. (sign)

Við undirritaðar staðfestum ofangreinda lýsingu.

Okkur var kunnugt um, að hér var um erfðaskrá að ræða.

Sigurbjörg Ólafsdóttir,
hjúkrunarfræðingur. (sign)

Ingibjörg Bjartmarz,
hjúkrunarfræðingur. (sign)“

II.

Sóknaraðili byggir dómkröfur sínar einfaldlega á 44. gr. l. 8/1962 sem hljóðar svo:

„Nú verður maður skyndilega og hættulega sjúkur eða lendir í bráðri hættu, og má arfleiðsla þá fara fram af hans hendi munnlega fyrir tveimur tilkvöddum vottum eða fyrir notario publico. Þeir skulu skrásetja efni erfðaskrár, svo fljótt sem kostur er, og staðfesta með undirritun sinni. Gæta skal hér ákvæða 40. - 43. gr. eftir því sem við getur átt.

Erfðaskrá, sem gerð er að hætti 1. málsgreinar, verður ógild, ef arfleifandi hefur ekki endurnýjað hana, áður en 4 vikur eru liðnar frá því, að honum varð unnt að gera erfðaskrá með venjulegum hætti.“

Í greinargerð varnaraðila segir m.a. svo:

„Varnaraðilar hafa rengt þessa svokölluðu erfðaskrá og lýtur renging að þremur málsástæðum. Í fyrsta lagi að *formi* hinnar svokölluðu erfðaskrár þar sem ekki hafi verið gætt formreglna 4. tl. 6. kafla erfðalaga nr. 8/1962. Í öðru lagi er *arfleiðsluhæfi* arfleiðanda véfengt sbr. 2. mgr. 34. gr. erfðalaga og í þriðja lagi að *efni* hinnar svokölluðu erfðaskrár fái samrýmst vilja hins látna þegar tekið er tillit til ummæla hans fyrir andlátið og sambandi hans og sóknaraðila.

Samkvæmt lagagreinum undir 5. tl. 6. kafla erfðalaga er sú meginregla staðfest að þegar erfðaskrá fullnægir ekki formreglum og hæfi arfleiðanda er véfengt þá verði sá sem vill byggja rétt á henni að hrinda staðhæfingu þess er rengir, með vættisburði arfleiðsluvotta eða öðrum sönnunargögnum. Sóknaraðili hefur því alla sönnunarbyrði fyrir því að um gilda erfðaskrá sé að ræða og takist honum ekki sú sönnun kemur hin svokallaða erfðaskrá ekki til framkvæmda. Ég mun hér á eftir reifa málsök og lagarök lögerfingja fyrir mótmælum gegn hinni svokölluðu erfðaskrá og fjalla um hvern þátt fyrir sig, þ.e. form, hæfi og efni.

— — —

III.

Læknirinn Sigurður og hjúkrunarfræðingarnir Sigurbjörg og Ingibjörg, sem undirrita vottorðið á dskj. nr. 2, hafa komið fyrir dóminn.

Læknirinn Sigurður kvaðst hafa skýrt hinum látna frá því í júní eða júlí 1984 að hann væri haldinn krabbameini. Gangur sjúkdómsins hafi verið hraður. Sjálf banalegan hafi aðeins staðið í viku, þ.e. frá því hinn látni var lagður inn akút hinn 7. ágúst og þar til hann dó hinn 14. sama mánaðar.

Samkvæmt læknaskýrslum fundust við krufningu 15. ágúst meinvörp í lungum, lifur, nýrnahettum, lifhimnu, brjósthimnu, eitlum og beinmerg.

Bein dánarorsök hefur sennilega verið bráð lungnabólga, samkvæmt álitserð dómkvaddra lækna er síðar verður getið.

Vitnin Haraldur Gíslason, starfsmaður á skipasölu er hinn látni rak, og Guðmundur Franklínsson kunningi hins látna heimsóttu hann báðir föstudaginn 10. ágúst og báru að hinn látni hefði verið vel málhress.

Aðfaranótt sunnudagsins og sunnudaginn 12. ágúst var líðan sjúklingsins slæm og lyfjagjöf gífurleg, bæði sírennsli morfins í æð og viðbótarsprautur svo sem lýst er í greinargerð varnaraðila en þær upplýsingar eru úr framlagðri hjúkrunarskýrslu og lyfjaskrá.

Sambýliskonan Margrét, sóknaraðili í máli þessu, bar að hún hefði setið hjá sjúklingnum þennan sunnudag frá því um hádegi og þar til á sjöunda tímanum um kvöldið. Hún kvað hann ekkert hafa talað eða tjáð sig að öðru leyti en því að hann hefði beðið um vatn, þ.e. hún hefði skilið að hann vildi fá vatn sem hún bar honum.

Skömmu eftir að sambýliskonan Margrét fór komu systkini hins látna Hrefna og Sveinn að sjúkrabeði hins látna. Þau hafa bæði komið fyrir dóminn og var lýsing þeirra á atvikum í samræmi við það sem haft er eftir þeim í greinargerð lögmanns þeirra, sem vitnað er til hér að framan, þ.e. að þau hafi komið um kl. 18:30 en farið um kl. 11:30 og að hinn látni hafi sofið djúpum svefni þar til um kl. 23 er hann hafi opna augun. Þá hafi hann reynt að segja eitthvað en verið svo óskýr í máli og máttfarinn að þeim hafi ekki tekist að greina hvað hann vildi segja, þótt hann reyndi að endurtaka setninguna nokkrum sinnum.

Í skrá um lyfjagjafir kemur ekki fram að sjúklingurinn hafi fengið auka-lyf um kl. 11. Hins vegar kannaðist hjúkrunarfræðingurinn Sigurbjörg við að hafa hagrætt sjúklingnum er hún kom á vaktina um 11:30 og „aukið drippið“, þ.e. aukið sírennsli morfins í æð.

Eftir því sem læknirinn Sigurður og hjúkrunarfræðingarnir Sigurbjörg og Ingibjörg báru, þá voru atvik, rétt fyrir miðnættið að kvöldi hins 12. ágúst, þau að læknirinn kom á stofuna ásamt öðrum hjúkrunarfræðingnum. Sjúklingurinn virtist vakandi og læknirinn lét einhver orð falla, þ.e. spurði sjúklinginn um líðan hans og sagði einhver hughreystingarorð eða þess háttar. Læknirinn gekk síðan út, en annar hjúkrunarfræðingurinn varð eftir á stofunni. Þá biður sjúklingurinn hjúkrunarfræðinginn að ná í lækinn. Læknirinn er þá kominn fram á gang og hjúkrunarfræðingurinn nær í hann. Er hann kemur til sjúklingsins segist hann vilja gera arfleidsluskrá. Lætur þá læknirinn hjúkrunarfræðing þann er inni var kalla á hinn hjúkrunarfræðinginn. Gaf þá arfláti margnefnda yfirlýsingu og tvítók hana. Eftir því sem fram er komið í málinu voru þetta hans síðustu orð. Læknirinn hefur þó borið að sjúklingurinn hafi einnig tekið fram að verðmæti eigna sinna væri um 30 milljónir króna (sem samkvæmt uppskriftar-

gerð virðist ekki fjarri lagi), en hjúkrunarfræðingarnir mundu ekki eftir þeirri tölu, en vildu ekki fortaka að arfláti hefði eitthvað minnst á verðmæti eigna sinna.

Aðspurð taldi sóknaraðili Margrét að hún hefði fengið vitneskju um margnefnda yfirlýsingu er hún sótti dánarvottorðið. Læknirinn kvaðst sjálfur og án samráðs við lögfræðing sóknaraðila hafa samið dskj. nr. 2, undirritað og afhent sóknaraðila. Hann hafi ekkert samráð haft við hjúkrunarfræðingana þar um, en hin sérstaka yfirlýsing þeirra og nafnritun hafi þá ekki verið á skjalinu. Sóknaraðili kveðst hafa farið með skjalið til lögmanns síns, sem hafi bent sér á að afla yfirlýsingar hjúkrunarfræðinganna.

Læknirinn kannaðist við að sóknaraðili hefði komið aftur með skjalið til sín, og hann síðan, að því er virðist í samráði við lögmann sóknaraðila, samið hina sérstöku áritun og aflað undirritunar hjúkrunarfræðinganna. Læknirinn taldi líklegt að það hefði verið hinn 3. september, en þá skráir læknirinn í sjúkraskrá: „Skrifað vottorð varðandi erfðaskrá.“ Skjalið var lagt fram í skiptarétti Seltjarnarness hinn 11. september 1984.

IV.

Með matsbeiðni dagsettri 19. október 1985 fór lögmaður sóknaraðila þess á leit að dómkvaddir yrðu tveir hæfir og óvilhallir menn til þess að meta (segja álit sitt um) eftirtalin atriði:

„1. Var Birgir hæfur til þess að gera munnlega þá erfðaskrá sem hann gerði að kvöldi 12. ágúst 1984 sbr. 34. gr. 7. mgr. erfðalaga nr. 8/1962. „Erfðaskrá er því aðeins gild að sá sem gerir hana sé svo heill heilsu andlega að hann sé fær um að gera þá ráðstöfun á skynsamlegan hátt.“

2. Er hægt með fullri vissu að halda því fram að vottorð Sigurðar Árnasonar, læknis, dags. 9. mars 1985 (dskj. nr. 4) sé rangt og þá sérstaklega niðurlagið:

„Er sjúklingur gerði erfðaskrá, þá hélt hann fyllilega samtalsþræði, svaraði skýrt og greinilega spurningum um líðan og ástand. Sjúklingur lagði mikla áherslu á að þessi erfðaskrá næði fram að ganga, enda tvítók hann innihaldið orðrétt.“

3. Þess er óskað að matsmenn láti í té upplýsingar sem skipt geta máli.“

Dómskjal nr. 4 er utanréttarvottorð er læknirinn Sigurður skráði meira en hálfu ári eftir að umrætt andlát bar að.

Hinn 13. nóvember 1985 voru dómkvaddir læknarnir Guðmundur I. Eyjólfsson sérfræðingur í lyflækningum og blóðsjúkdómum, lyflækninga-deild Borgarspítala og Hannes Pétursson sérfræðingur í geðlækningum, geðdeild Borgarspítala. Matsgerð þeirra eða álitsgerð er dagsett 4. júní 1986. Í niðurlagi hennar segir svo:

„Umsögn: Ljóst er af framangreindum gögnum að Birgir heitinn Ásgeirsson var haldinn illkynja sjúkdómi (sortuæxli, melanoma malignum), sem uppgötvaðist í mars 1981 og var æxlið þá fjarlægt með skurðaðgerð. Birgir virðist síðan hafa verið einkennalaus þar til um miðjan júní 1984. Frá þeim tíma fór að bera á vaxandi einkennum vegna meinvarpa í lungum, lifur, brjóstholi og beinum.

Úr því verður sjúkdómsgangurinn mjög hraður og leiðir til dauða Birgis innan tveggja mánaða frá því einkenni fóru að gera vart við sig. Helstu einkenni og óþægindi voru vegna vökvasöfnunar í brjóstholi fyrst í stað, og síðan ört vaxandi verkja, að líkindum frá meinvörpum í beinum. Meðferð á fyrstu stigum beindist einkum að því að fjarlægja vökva og draga úr vökvasöfnun í brjóstholi. Upp úr miðjum júlímánuði 1984 er Birgi gerð grein fyrir sjúkdómsástandi sínu og ráðlögð lyfjameðferð gegn krabbameininu. Lyfjakúr var gefinn í fimm daga, þ.e. 27. júlí. Á síðari stigum einkenndist meðferðin fyrst og fremst af verkjalyfjagjöf í stöðugt vaxandi skömmtum. Síðustu dagana fyrir andlát voru verkjalyfin gefin í æð samfelld allan sólarhringinn, en aukalyfjagjafir voru þó nauðsynlegar vegna mikilla verkja. Síðustu þrjá sólarhringana fyrir andlát fékk Birgir einnig róandi lyf, þ.e. chlorpromazin og diazemuls.

Lyfjagjöf sú sem að framan er lýst er í samræmi við hefðbundna meðferð við miklum verkjum hjá krabbameinssjúklingum. Fyrir utan verkjastillandi verkun morfíns og skyldra lyfja, geta þau haft í för með sér ýmsar aukaverkanir, svo sem höfga, þ.e. að viðkomandi verður sljór. Slíkar aukaverkanir fara m.a. eftir skammtastærð og svo því hve lengi sjúklingurinn hefur fengið lyfið, svo og hvort önnur lyf, t.d. róandi, eru gefin jafnhliða.

Ljóst er að Birgir heitinn fékk stóra og vaxandi skammta af morfinlyfjum ásamt aukalyfjum síðustu þrjá sólarhringana fyrir andlát. Þrátt fyrir þessa lyfjagjöf voru honum gefnir aukaskammtar af morfíni alls fjórum sinnum á tímabilinu kl. 16:15 - 19:30 þann 12. ágúst 1984, og auk þess diazemuls kl. 20 sama kvöld. Þetta ásamt öðru bendir til þess að á þessum tíma hafi verulega dregið úr verkjastillandi verkun morfínsins vegna mikillar þolmyndunar á undanförunum sólarhringum. Slík þolmyndun er algeng og getur verið mjög veruleg þegar morfín er notað á framangreindan hátt.

Ekki er ástæða til að ætla annað en að ofangreind þolmyndun hafi einnig náð til aukaverkana morfínsins, þ.e. sljógandi áhrifa lyfsins.

Samkvæmt framangreindum gögnum mun Birgir ekki hafa fengið nein aukalyf, þ.e. umfram lyfjagjöf í vökva, sem gefin var stöðugt í æð, frá kl. 20 að kvöldi 12. ágúst og fram yfir þann tíma, sem nefnd erfðaskrá (dskj. nr. 2) er talin hafa verið gerð.

Niðurstaða:

Spurningum þeim sem beint er til matsmanna í dómskjali nr. 10 viljum við leitast við að svara á eftirfarandi hátt.

1. Með hliðsjón af framangreindum gögnum og umsögn okkar hér að framan, er það álit undirritaðra að Birgir heitinn Ásgeirsson hafi á þeirri stundu, sem nefnd erfðaskrá er talin hafa verið gerð, verið fær um að gera slíka ráðstöfun á skynsamlegan hátt.

2. Nei.

3. Auk framgreindra atriða teljum við að eftirfarandi upplýsingar kunni að skipta máli: a) Algengt er að dauðvona sjúklingar afneiti sjúkdómsgreiningu sinni, enda upplifi þeir að viðurkenning á sjúkdómsgreiningunni jafngildi uppgjöf. b) Í vottorði Sigurðar Árnasonar, læknis, dagsettu 9. mars 1985 er þess getið að Birgir hafi gert sér grein fyrir heildarumfangi eigna sinna og er það mat okkar að slíkt styðji nokkuð svar við spurningu nr. 1 hér að ofan. c) Í hjúkrunarskýrslu frá 13. ágúst 1984 er þess getið að Birgir heitinn hafi svarað kalli um „miðnótt“. Við teljum að hér sé átt við miðbik næturvaktar, þ.e. kl. 03 - 03.30. d) Í greinargerð varnaradila (dskj. nr. 6) er þess getið að þann 12.8. 1984 kl. rúmlega 23 um kvöldið hafi ættingjar Birgis heitins orðið varir við að tvær hjúkrunarkonur gæfu honum sprautu í handlegg. Okkur hefur ekki tekist að finna vísbendingu um þessa lyfjagjöf í framangreindum gögnum og teljum að hér hafi hugsanlega verið um misskilning að ræða, þ.e. að hjúkrunarfræðingar hafi verið að fást við vökvagjöfina, sem Birgir heitinn fékk í æð.“

Þess má geta að við athugun á skýrslu um lyfjagjafir sést að hinn látni fékk kl. 22 hinn 12. ágúst lyfið Supp. Ind. Læknarnir kváðu þetta vera gigtarlyf er stillti beinverki en hefði engin áhrif á meðvitund sjúklings.

Báðir læknarnir sögðu, að það atvik, að þessarar lyfjagjafar er ógetið í álitserð þeirra, hefði engin áhrif á niðurstöðu hennar.

Álit réttarins.

Það er álit þeirra þriggja lækna sem komið hafa fyrir dóm í máli þessu að gangur sjúkdóms arfláta hafi verið mjög hraður. Hann lagðist banalegu þriðjudaginn 7. ágúst, var samkvæmt framburði tveggja vitna vel málhress föstudaginn 10. sama mánaðar, en lést kl. 7:45 að morgni þriðjudagsins 14. sama mánaðar.

Það er mat dómarans að því skilyrði 44. greinar l. nr. 8/1962, að arfláti hafi orðið „skyndilega og hættulega sjúk“ verði hér að teljast fullnægt.

Það athugast að samkvæmt íslenskum lögum er það ekki skilyrði fyrir munnlegum arfleðslugerðingum að arfláta hafi eigi verið unnt (været forhindret i) að gera skriflega erfðaskrá.

Það styrkir framburð vottanna þriggja um að arfleiðslugerningur hafi farið fram, að votturinn Ingibjörg Bjartmarz bókar í hjúkrunarskýrslu, áður en hún fer af vakt um kl. 0:30 hinn 13. ágúst, að sjúklingurinn hafi gert „munnlega erfðaskrá“. Ljósrit af umræddri hjúkrunarskýrslu liggur frammi í málinu og styður gervi skjalsins það eindregið að ekki sé um síðari tíma viðbót að ræða. Þá er þess getandi að votturinn Sigurður bókaði í læknaþýrslu (journal) við daginn 13. ágúst: „Sj. gerði munnlega erfðaskrá kl. 23:55 12/8.“

Samkvæmt framburðum vottanna þriggja voru þeir sérstaklega tilkvaddir af arfláta til þess að taka við munnlegum arfleiðslugerningi, svo sem greinir á dskj. nr. 2.

Framburðir vottanna um efni arfleiðslugerningsins voru samhljóða. Nokkurn stuðning fyrir því að rétt sé farið með efni hans er einnig að finna í því, að votturinn Sigurður læknir sýndi í réttinum dagbók sína og voru þar við hinn 12. ágúst skráð hin tilvitnuðu orð, samhljóða orðunum á dskj. nr. 2, og bar læknirinn að hann hefði skráð þetta í dagbókina morguninn eftir, hinn 13. ágúst.

Kemur þá til álita hvort vottarnir hafi spilt arfleiðslugerningnum með því að skrásetja hann eigi svo fljótt sem kostur var og staðfesta með undirritun sinni.

Með tilliti til þess að ekki verður séð að sá dráttur sem varð á skráningu og undirritun gerningsins, skipti neinu máli um sönnun í máli þessu, þá er það mat dómarans að umræddur dráttur valdi ekki ógildi gerningsins.

Sama er að segja um minniháttar ágalla á dskj. nr. 2, svo sem að enginn vottanna tilgreinir heimilisfang sitt og að vottorð hjúkrunarfræðinganna er ódagsett. Þeir ágallar hafa ekki valdið sönnunarerfiðleikum í málinu, og ekki er um ófrávikjanleg formskilyrði að ræða.

Fram er komið í málinu, að hinn látni var að kvöldi hins 12. ágúst heltekinn af krabbameini, að líkindum dauðvona af lungnabólgu og auk þess undir áhrifum af stærstu skömmtum hinna sterkustu eiturflyfja. Þrátt fyrir það hafa tveir dómkvaddir læknar, sérfræðingur í lyflækningum og sérfræðingur í geðlækningum, lýst því í álitsgerð og staðfest og útskýrt nánar fyrir dómi undir vitnaðbyrgð, að frá læknisfræðilegu sjónarmiði hafi arfláti „á þeirri stundu sem nefnd erfðaskrá er talin hafa verið gerð, verið fær um að gera slíka ráðstöfun á skynsamlegan hátt“. Framhjá þessu sérfræðilega áliti telur dómarrinn sig ekki geta komist, en engin læknisfræðileg gögn hafa verið færð fram í málinu til að hnekkja því.

Til vara telja varnaraðilar það ljóst, að eigi hafi verið um fullnaðargerning að ræða. Hafa þeir fært fram þá veigamiklu röksemd að jafnvel þótt arfláti teldist á arfleiðslustundinni hafa haft nægilegt þrek og hugarstyrk til þess að koma þeirri ákvörðun sinni til skila að tryggja fjárhagslegt öryggi

sambýliskonu sinnar, þá sé ekki þar með sagt að hann hafi getað komið til skila öðrum ákvörðunum, svo sem að ganga ekki úr hófi á hlut aldraðrar móður sinnar, en kært hafi verið með þeim. Föðurarfur arfláta standi t.d. inni í óskiptu búi og geti bréferfinginn nú krafist skipta, verði byggt á hinum meinta munnlega arfleiðsugerningi.

Dómarinn lítur svo á að enda þótt algengt sé, vilji maður í barnlausu hjónabandi tryggja hag sambýliskonu sinnar með erfðaskrá, að hann annaðhvort geri sambýliskonuna jafnsetta maka er fær búshluta og lögarf ($\frac{2}{3}$ hluta heildarbús), eða geri við hana sameiginlega og gagnkvæma erfðaskrá þannig að eignir skiptist til helminga milli lögerfingja hvors um sig við lát þess langlífara, eða falli til stofnunar eða á annan hátt í þágu tiltekins málefnis, þá eigi slík niðurstaða í máli þessu sér ekki næga lagastöð. Venjan er ekki sönnuð og ekkert sem hald er í komið fram um líklegt viðbótarefni fullnaðargernings.

Sú leið að ógilda erfðaskrána alfarið á grundvelli téðrar mótbáru er ekki fær. Röksemdir varnaraðila fyrir því að ekki hafi verið um fullnaðargerning að ræða eru ekki nægilega sterkar til þess að talið verði að sóknaraðili hafi sönnunarskyldu um það að um fullnaðargerning hafi verið að ræða.

Samkvæmt framansögðu byggjast úrslit máls þessa á því að arfláti neytti hér einfaldlega lagaheimildar til þess að gera munnlega erfðaskrá og hún er formgild. Efni hennar er sannað og það er lögmætt, skýrt og ljóst, og ósannað að arfleifanda hafi brostið arfleiðsluhæfi.

Verða því dómkröfur sóknaraðila teknar til greina.

Málskostnaður fellur niður.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Á l y k t a r o r ð:

Munnleg erfðaskrá Birgis heitins Ásgeirssonar frá 12. ágúst 1984, sem skráð er á dskj. 2 í máli þessu, er metin gild.

Málskostnaður fellur niður.